

Sp.

383. Tillaga til þingsályktunar

[167. mál]

um endurskoðun laga um almannavarnir vegna hafishættu o. fl.

Flm.: Jónas Pétursson, Matthías Bjarnason, Sigurður Bjarnason, Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða lög um almannavarnir í því skyni að fella inn í þá löggjöf fyllri ákvæði að því er varðar hættur af völdum náttúruhamfara, svo sem jarðskjálfta, eldgosa og hafiss, sem kynni að loka siglingaleiðum umhverfis land eða einstökum höfnum eða svæðum.

Enn fremur verði athugað að fella inn í lögin ákvæði um aðstoð við hjálparveitir, sem stofnaðar hafa verið eða kunna að verða stofnaðar, um þjálfun hjálparveitanna og kaup á tækjum til þeirra.

Áherzla skal lögð á, að endurskoðun þessari verði lokið fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

S. l. vetur kom hafis að landinu eftir nær hálftrar aldar tímabil, sem verið hafði íslaut við landið að mestu. Það kom í ljós, að víða voru byggðarlög vanbúin að mæta langvarandi hafnbönnum af hafis. Stórvandræði hlutust þó ekki af, vegna þess að ekki var um langvarandi hafþök að ræða og enn fremur vegna þess að fremur snjólétt var og vegir því víða færir.

En þessi koma hafíssins var mikil aðvörun. Flm. telja nauðsynlegt að taka upp á viðtækum grundvelli athuganir á því, hvernig bezt verður fyrir komið nauðsynlegri forsjá og tryggingum gegn slíkri vá og öðrum af náttúruvöldum, svo sem jarðskjálftum og eldgosum.

Hlutverk almannavarna, sem löggjöf hefur verið sett um, er í höfuðatriðum á öðru sviði. En í 1. gr. laganna er þó gert ráð fyrir, að dómsmálaráðherra geti lagt fyrir almannavarnir að veita aðstoð, ef tjón vofir yfir af náttúruhamförum. Þess vegna er það nú þegar á verksviði almannavarna að veita aðstoð, ef náttúruhamfarir eru yfirvofandi eða hafa valdið tjóni. En okkur sýnist þörf fyllri ákvæða í lögum, ákvæða, sem gera tryggingu gegn hugsanlegri vá að föstum lið í starfi almannavarna. Herir norðursins geta orðið okkur þungir í skauti, og varúðarráðstafanir af þeim sökum þurfa að verða fastur liður í öryggismálum þjóðfélagsins.

Lög um almannavarnir gera ráð fyrir samstarfi við stjórnir héraðanna í öryggismálum, eins og sjálfsagt er. Þess þarf og vel að gæta, að ekki sé með löggjöf dregið úr forsjánnishneigð héraðanna, því að fyrst og fremst veltur farsæl framtíð slíkra mála á forsjá og dug byggðarlaganna. En heildaryfirsýn er nauðsynleg, og geta byggðarlaganna til að skapa sér öryggi er nokkuð misjöfn. Hér skal sérstaklega minnt á olíuna, sem fólkið er nú orðið háðara en nokkurn tíma fyrr. Skipulega framkvæmd um söfnun olíubirgða er nauðsynleg og sjálfsögð.

Hér á landi eru nú starfandi nokkrar hjálparveitir, sem skipaðar eru áhuga-
mönnum, og hafa þær unnið mikið starf við leit að fólki og veitt margvíslega aðstoð, þegar slys ber að höndum. Það er skoðun flm., að nauðsyn beri til, að slíkum hjálparveitum verði komið á fót í sem flestum héruðum landsins og þjóðfélagið aðstoði starfsemi þessara sveita með því að útvega þeim þjálfara og styrki þær til kaupa á hjúkrunargögnum og öðrum tækjum til að sinna alhliða björgunarstarfi, þegar slys ber að höndum.